



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

NESJAVELLIR HOLA NJ-18

**4. áfangi: Upphitun, upphleyping, blástur
og jöfnun þrýstings eftir blástur**

Ómar Sigurðsson og Einar Gunnlaugsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-89011/JHD-05 B

Mars 1989



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Verknr.: 611113

NESJAVELLIR HOLA NJ-18

**4. áfangi: Upphitun, upphleyping, blástur
og jöfnun þrýstings eftir blástur**

Ómar Sigurðsson og Einar Gunnlaugsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-89011/JHD-05 B

Mars 1989

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. YFIRLIT YFIR TÍMABILIÐ 15. OKT. 1986 - 11. SEPT. 1987	4
3. MÆLINGAR Í UPPHITUN	5
3.1 Vatnsborð	6
3.2 Þrýstingur	6
3.3 Hiti	6
4. UPPHLEYPING	6
5. AFL OG AFKÖST	9
6. EFNI Í JARÐHITAVÖKVA	9
7. JÖFNUN ÞRÝSTINGS EFTIR BLÁSTUR	11
7.1 Lokun holu NJ-18	11
7.2 Holutoppsþrýstingur við lokun	13
7.3 Þrýstjöfnun holunnar	14
7.4 Niðurstöður þrýstingsjöfnunar	14
8. VATNSBORÐSBREYTINGAR Í HOLU NJ-12	15
HEIMILDIR	16
VIÐAUKI	39

TÖFLUSKRÁ

1. Mælingar í upphitun	5
2. Líklegur berghiti og þrýstingur við holu NJ-18	7
3. Loftdæling á NJ-18 í júlí til september 1987	7
4. Aflmælingar á holu NJ-18	8
5. Efnahiti	10
6. Efnasamsetning djúpvatns í holu NJ-18	11
7. Gas í gufu við 7 bar-a þrýsting	11
8. Samsetning gass í gufu () við 7 bar-a þrýsting	12
9. Hitastig og þrýstingur ópalmettunar við hvellsuðu	12
10. Yfirlit þrýstingsjöfnunar á 1700 m dýpi í holu NJ-18	13

MYNDASKRÁ

1. Vatnsborð við upphitun	17
2. Þrýstimælingar í upphitun	18
3. Hitamælingar í upphitun	19
4. Hitamælingar í upphitun	20
5. Hitamælingar í upphitun	21
6. Blásturssaga holu NJ-18	22
7. Efnahiti	23
8. Breytingar í styrk efna á blásturstímanum	24
9. Efnasamsetning djúpvökvans og jafnvægisferlar	26
10. Mettunarferill kalsíts	27
11. Þrýstimælingar fyrir og eftir lokun holunnar	28
12. Þrýstimælingar eftir lokun holunnar	29
13. Hitamælingar eftir lokun holunnar	30
14. Hitamælingar fyrir og eftir lokun holunnar	31
15. Hitamælingar eftir lokun holunnar	32
16. Þrýstingur og hiti á 1700 m dýpi í holu NJ-18 eftir lokun	33
17. Þrýstingur og hiti á 1700 m dýpi í holu NJ-18 eeftir lokun	33
18. Samsvörun mældrar og reiknaðrar þrýstingshækkunar á 1700 m dýpi	34
19. Hornergraf fyrir þrýstingshækkun á 1700 m dýpi í holu NJ-18	34
20. Samband heildarrennslis og vermis	35
21. Vatnsborðsbreytingar í NJ-12 í september 1987 til október 1988	35
22. Vatnsborðslækkun í NJ-12 vegna blásturs NJ-18	36
23. Vatnsborðsbreyting í NJ-12 vegna blásturs NJ-18 á lín-log skala	36
24. Vatnsborðshækkun í NJ-12 vegna lokunar NJ-18	37
25. Vatnsborðshækkun í NJ-12 vegna lokunar NJ-18 á lín-log skala	37
26. Nálgun vatnsborðsbreytinga í NJ-12 með líkanreikningum	38
27. Samspil vatnsborðs og loftþrýstings	38

1. INNGANGUR

Hola NJ-18 er staðsett við Litluvelli skammt vestan við gossprungurnar í Kýrdalshrygg. Holan er nyrsta jarðhitaholan á Nesjavallasvæðinu, um 1130 m norðan holu NJ-16, sem er næst, og um 2240 m norðaustur af holu NJ-12 í Kýrdal. Holan var boruð í 2136 m, og 9 5/8" vinnslufóðring steyppt í 941 m. Raufaður 7" leiðari nær frá 843 m niður í 2033 m dýpi, en lengra niður gekk hann ekki. Ástæður þess eru að halli í vinnsluhluta holunnar er 3-7° og stefnir holan í norðvestur. Einnig festist borstrengur í borun og var hann sprengdur í sundur á 2098 m dýpi og brotið skilið eftir í holunni.

Holan var lengi að hitna upp, en einnig var dregið að blástursprófa hana. Borun, fóðrun og mælingum við borlok lauk að mestu 15. október 1986. Þá var prófað að örva holuna með því að láta hana hitna upp meðan bormenn væru í helgarfrú. Sú upphitun stóð frá því kl 14:45 þann 15. október til kl 15 þann 20. október 1986 er holan var kæld aftur með því að dæla í hana köldu vatni. Þessari ádælingu var hætt um kl 6:40 að morgni 21. október 1986 og hófst þá hin eiginlega upphitun holunnar. Henni var síðan hjálpað í blástur 11. september 1987. Blés holan til 5. maí 1988, en þá var henni lokað og fylgst með þrýstingsjöfnun. Þeirri athugun lauk í október 1988 og hefur holan staðið lokuð síðan.

Samantekt um borun og rannsóknir gerðar á holu NJ-18 fram til 1. júlí 1987 hefur verið birt í skýrslu um holuna (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1987). Í þeirri skýrslu, sem hér birtist, er fjallað um upphitun og upphleypingu holunnar, og einkum blástursprófun hennar og þrýstingsjöfnun eftir blástur. Verkið var unnið í samvinnu af Hitaveitu Reykjavíkur, Jarðhitadeild Orkustofnunar og Jarðborunum hf. Eftirtaldir starfsmenn unnu að verkinu auk höfunda: Benedikt Steingrímsson, Grímur Björnsson, Guðjón Guðmundson, Guðni Guðmundsson, Guðlaugur Hermannsson, Jósep Hólmjárn frá Orkustofnun, Jóhann Kristjánsson, Sigurður Jónsson og Sigurður Þorvaldsson frá Hita-

veitu Reykjavíkur og Dagbjartur Sigursteinsson frá Jarðborunum hf.

2. YFIRLIT YFIR TÍMABILÐ 15. OKT. 1986 - 11. SEPT. 1987

Þegar þrepaðælingu lauk við borlok 15. október 1986 um kl 14:45 var ákveðið að prófa að örva holuna með upphitun og síðan kælingu. Holu NJ-18 var því leyft að hitna upp til 20. október, en um kl 15 þann dag var byrjað að dæla í hana köldu vatni. Upphitunin stóð því í um 5 sólarhringa. Dælt var að jafnaði 41 l/s af köldu vatni í holuna, en um 53 l/s dælingu þurfti til að fylla holuna. Dælt var til morguns 21. október, en dælingu var hætt um kl 6:40. Þá hófst hin eiginlega upphitun holunnar, en örvunaraðgerðirnar skiluðu ekki marktækum árangri. Fylgst var með upphituninni með vatnsborðs-, hita- og þrýstimælingum eins og fram kemur í töflu 1. Upphitun holunnar reyndist hæg og hitnaði holan lítið í efstu 800 m. Reyndar var hitinn í vinnsluhluta holunnar einnig tiltölulega lágur og mun lægri en í öðrum holum á Nesjavöllum. Vatnsborð steig einnig rólega, en þegar dælingu kælivatns var hætt í þrepaðælingu var stöðugt vatnsborð holunnar á um 230 m dýpi. Sama vatnsborð fékkst þegar síðari kælingu lauk. Eftir 10 daga upphitun var vatnsborð á um 170 m dýpi og rúmum mánuði síðar á um 144 m dýpi. Vatnsborðshækkunin var þá þegar orðin hæg og stefndi að jafnvægi á um 133 m dýpi. Þegar ljóst var að vinnsluhluti holunnar var tiltölulega kaldur (um 200°C) og djúpt á vatnsborð þótti líklegt að nota þyrfti bullu til að ná holunni í gos.

Til að auðvelda upphleypingu var fyrst dælt lofti á holuna til að þrýsta vatnsborðinu niður og hita þannig eitthvað upp hluta af vatnssúlunni í efri hluta holunnar. Loftdæling hófst 13. júlí 1987 og var holunni haldið undir minnst 34 bar þrýstingi til 17. ágúst. Þá var lofti hleypt af og dýpi á vatnsborð kannað. Vatnsborð fannst þá á 107,5 m dýpi. Lofti var síðan dælt aftur á holuna og henni haldið undir um 38 bar þrýstingi fram

TAFLA 1. Mælingar í upphitun

Dagsetn.	Tími	Mælingar	Athugasemdir
86.10.15	14:44		Prepadælingu hætt (24,2 l/s)
86.10.15	17:36-18:19	GO-hitamæling	
86.10.19	14:10-15:20	GO-hitamæling	
86.10.20	15:00		Holan kæld (41,1 l/s)
86.10.21	06:40		Kælingu hætt
86.10.21	08:00		Vatnsborð 230 m
86.10.31	09:40-10:30	GO-hitamæling	Vatnsborð 170 m
86.10.31	10:50-12:00	Am.hitamæling	
86.10.31	13:30-14:40	Am.þrýstimæling	
86.12.04	16:30-17:00	GO-hitamæling	Vatnsborð 144,1 m
86.12.04	17:35-18:50	Am.hitamæling	
86.12.04	21:10-22:06	Am.þrýstimæling	
87.02.16	21:00-21:30	GO-hitamæling	
87.02.16	17:15-18:40	Am.hitamæling	Vatnsborð 137,3 m
87.03.16			Vatnsborð 136,2 m
87.04.22			Vatnsborð 135,1 m
87.05.11			Vatnsborð 134,8 m
87.06.10	15:40-16:10	GO-hitamæling	
87.06.10	13:30-15:20	Am.hitamæling	Vatnsborð 134,2 m
87.06.10	13:30-15:20	Am.þrýstimæling	
87.07.13	14:00		Byrjað að dæla lofti á holu
87.07.14	19:30		$P_o = 40$ bar
87.08.17	18:15		Lofti hleypt af
87.08.17	18:40		Vatnsborð 105,7 m
87.08.17			Lofti dælt á holu $P_o = 38$ bar
87.09.11	12:30		Lofti hleypt af, bulla sett niður
87.09.11	15:10		Holan fer í blástur

til 11. september 1987. Lofti var þá hleypt af og bulla sett niður til að ausa vatni upp úr holunni og fá þannig heitara vatn inn í holuna. Alls þurfti að fara 70 ferðir með bulluna niður í holuna áður en hún fór í sjálfrennsli og síðan blástur um kl 15:10 þann 11. september 1987.

3. MÆLINGAR Í UPPHITUN

Upphitun holu NJ-18 stóð frá kl 6:40 þann 21. október 1986, er kælingu eftir örvunar- aðgerðir við borlok lauk, og til kl 12:30 þann 11. september 1987, er byrjað var að draga holuna í gos. Á þessu tímabili voru gerðar fjórar hitamælingar og þrjár þrýstimælingar. Auk þess var gerð ein hitamæling meðan holan hitnaði upp eftir þrepaðælingu, en áður en hún var kæld til að reyna örvun. Þá var einnig fylgst með vatnsborðsbreytingum.

3.1 Vatnsborð

Þegar þrepaðælingu við borlok var hætt fór vatnsborð lægst á um 230 m dýpi miðað við kraga á aðalloka. Þegar ádælingu vegna örvunaraðgerða lauk sex dögum síðar fór vatnsborð lægst á sama dýpi. Eftir tíu daga samfellda upphitun var gerð fyrsta hita- og þrýstimælingin á upphitunartímabili holunnar. Vatnsborð fannst þá á um 170 m dýpi og hafði því stigið um 60 m á tíu dögum (mynd 1). Rúmum mánuði síðar var vatnsborð komið á 144,1 m dýpi og steig þá hægt. Vatnsborð var síðast mælt 10. júní 1987 á 134,2 m dýpi, en þá hafði holan verið tæpa átta mánuði í upphitun. Vatnsborð hækkaði þá að jafnaði um rúman 1 cm/dag og virtist stefna í jafnvægi á um 133 m dýpi.

3.2 Þrýstingur

Á mynd 2 eru sýndar þrýstimælingarnar þrjár sem gerðar voru í upphitun. Vendiunktur kemur fram í mælingunum á um eða rúmlega 1700 m dýpi, sem bendir til þrýstijafnvægis á því dýpi. Þrýstingur mældist þar um 146,7 kg/cm² (143,9 bar). Er líklegt að æðin á 1703 m dýpi hafi stjórnað þrýstingnum í upphitun holunnar. Í borun þegar holan var 232 m á dýpt var vatnsborð mælt á um 66 m dýpi frá drifborði Jötuns. Eina vatnsæðin sem þá var í holunni var á 116-120 m dýpi. Þrýstingur í þeirri vatnsæð ákvarðaði því þetta vatnsborð. Hola NJ-18 er í tæplega 200 m hæð yfir sjó og rúmum 90 m hærra en yfirborð Þingvallavatns (103 m y.s.). Þrýstingur í grunnvatnsæðinni á 116-120 m dýpi í NJ-18 samsvarar því hærra vatnsborði, en svarar til yfirborðs Þingvallavatns. Ekki reyndist unnt að ákvarða þrýsting (vatnsborð) við aðrar vatnsæðar í borun, að öðru leyti en því að skoltap varð við þær allar. Í ádælingu við borlok virtist mest skoltap vera í æðarnar á 1610 m og 1703 m dýpi, en auk þess eru smærri æðar einkum ofar í holunni, en lítið þar fyrir neðan.

3.3 Hiti

Hitamælingarnar fimm sem gerðar voru í upphitun holunnar eru sýndar á myndum 3, 4 og 5. Holan fékk langan tíma til að hitna

eftir borun, en hitnaði mjög hægt. Síðustu hitamælingar sem gerðar voru í upphitun voru taldar vera nokkuð nærri ríkjandi berghita við holu NJ-18 og styðja mælingar gerðar eftir blástur holunnar þá skoðun. Upphitun holunnar nær fljótlega jafnvægi ofan 800 m dýpis enda berghiti þar lágur. Samkvæmt hitamælingum er berghiti á 200 m dýpi aðeins um 5°C, en hækkar með dýpi í rúmar 100°C á 800 m og í tæpar 180°C á 1000 m dýpi. Neðan 1000 m dýpis virðist berghitinn hækka rólega með dýpi. Hæstur hefur hiti mælst 262°C niðri við botn holunnar á 1984 m dýpi.

Í töflu 2 eru birt reiknuð þrýstigildi úr frá mælipunkti á 1700 m dýpi fyrir vinnsluhluta holunnar, en út frá vatnsborði æðarinnar á 116-120 m fyrir efri hluta holunnar, sem nú er fódraður af. Einnig er birtur líklegur berghiti við holuna fyrir ótruflað ástand. Við gerð töflu 2 er stuðst við síðustu hita- og þrýstimælingarnar sem gerðar voru í upphitun holunnar. Einnig er stuðst við hitamælingar sem mældar voru eftir blástur holunnar, en þær virðast benda til smá niðurrennslis úr æðinni á 1703 m og til botns. Í eldri skýrslu um borun og rannsóknir í holu NJ-18 fram til 1. júlí 1987 er birt svipuð tafla, en þar er eingöngu stuðst við mælingar frá upphitunartímabili holunnar (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1987). Munurinn á þessum tveim töflum er aðallega sá að berghiti í vinnsluhluta holunnar er nú áætlaður í samræmi við nýrri mælingar. Á dýptarbilinu 1200 m til 1800 m hafði berghiti áður verið áætlaður nokkuð of hár, en of lágur þar fyrir neðan.

4. UPPHLEYPING

Hola NJ-18 er með köldustu holum á Nesjavöllum og er áætlað að berghiti á um 800 m dýpi sé rétt yfir 100°C. Það er því ekki að undara þótt hjálpa hafi þurft holunni í blástur.

Undirbúningur að upphleypingu holunnar hófst 13. júlí 1987, með því að lofti var dælt á holuna. Tafla 3 sýnir breytingar á þrýst-

TAFLA 2. Líklegur berghiti og þrýstingur við holu NJ-18

Dýpi (m)	Berghiti (°C)	Þrýstingur á vatnsæðum (kg/cm ²)	(bar)
100	3	4,0	3,9
200	6	14,0	13,7
300	14	24,0	13,7
400	25	34,0	33,3
500	41	43,9	43,1
600	52	53,8	52,8
700	74	63,6	62,4
800	109	73,3	71,8
900	162	77,3	75,8
1000	179	86,3	84,6
1100	186	95,1	93,3
1200	193	103,9	101,9
1300	199	112,6	110,4
1400	204	121,2	118,9
1500	208	129,8	127,3
1600	215	138,3	135,6
1700	225	146,7	143,9
1800	237	155,0	152,0
1900	251	163,0	159,9
2000	262	170,9	167,6

TAFLA 3. Loftdæling á NJ-18 í júl til september 1987

Dags.	Tími	Þrýstingur	Athugasemd
870713	14:00	0,0 bar	Loftdæling hafin
870713	21:00	13,0 bar	
870714	07:30	29,0 bar	
870714	11:20	33,0 bar	
870714	16:00	37,5 bar	
870714	19:30	40,0 bar	
870817	18:15	34,0 bar	Lofti hleypt af og vatnsborð mælt kl. 18:40 á 107,5 m dýpi frá flangsi við rafmagnsloka.
			(Lofti dælt á aftur)

ingi meðan á þessari aðgerð stóð.

Að morgni 11. september 1987 hófst undirbúningur þess að draga holuna í gos. Þá var þrýstingur á holutoppi um 38 bar. Klukkan 12:30 var lofti hleypt af og uppdráttur hófst. Í fyrstu tveimur ferðunum kom ekkert vatn, en drulla í þeirri þriðju. Eftir það kom ávallt upp vatn. Þegar búið var að draga

upp 62 ferðir fór holan að gjósa lítið eitt með og eftir 70 ferðir fór holan í gos. Ef gert er ráð fyrir að um 10 m vatnssúlu sé dælt í hverri ferð og 67 ferðir komu upp með vatn, samsvarar þetta um 670 m vatnssúlu. Ekki þótti ráðlegt að loka holunni að sinni því hætta var á að hún lognaðist út af. Þann 14. september var holunni lokað og

TAFLA 4. Afmælingar á holu NJ-18

Dags.	Kl	Pver- mál stúts. mm	P _o bar	P _c bar	Vatns- rennsli cm kg/s		Vermi H kJ/kg	Heild. rennsli Q kg/s	Gufa við 1 bar abs. kg/s	Gufa við 7 bar abs. kg/s	MWt
870914	1522 sj	161,0	4,2	0,70	21,5	28,31	877	35,5	7,2	3,1	31
870914	2128 sj	161,0	4,2	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
870915	0810 sj	161,0	4,2	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
870915	2300 jk	161,0	4,3	0,80	21,8	29,30	888	37,0	7,7	3,5	33
870916	0915 jk	161,0	4,3	0,70	21,8	29,30	858	36,4	7,1	2,9	31
870916	1100 eg	161,0	4,1	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
870917	0820 jk	161,0	4,4	0,80	21,9	29,64	882	37,3	7,7	3,4	33
870917	2350 jk	161,0	4,4	0,80	21,9	29,64	882	37,3	7,7	3,4	33
870918	1020 jk	161,0	4,4	0,80	21,8	29,30	888	37,0	7,7	3,5	33
870919	0845 jk	161,0	4,4	0,70	21,6	28,64	871	35,8	7,2	3,1	31
870920	1045 jk	161,0	4,4	0,60	21,9	29,64	821	36,1	6,4	2,2	30
870921	1040 jk	161,0	4,5	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
870921	1500 eg	161,0	4,3	0,82	21,5	28,31	914	36,3	7,9	3,9	33
870922	1500 jk	161,0	4,5	0,70	22,0	29,98	846	37,0	7,0	2,7	31
870924	1350	161,0	4,5	0,80	21,6	28,64	901	36,4	7,8	3,7	33
870925	1005	161,0	4,5	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
870926	1047	161,0	4,5	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
870927	1045	161,0	4,5	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
870928	1120	161,0	4,5	0,70	21,4	27,98	883	35,2	7,3	3,2	31
870930	1600 eg	161,0	4,9	0,82	21,5	28,31	914	36,3	7,9	3,9	33
871001	2140	161,0	4,6	0,80	21,7	28,97	895	36,7	7,7	3,6	33
871003	1840	161,0	4,6	0,85	21,7	28,97	909	37,0	8,0	3,9	34
871004	1430 sp	161,0	4,7	0,75	21,6	28,64	886	36,1	7,5	3,4	32
871006	2150	161,0	4,6	0,85	21,6	28,64	916	36,7	8,1	3,9	34
871008	1100 eg	161,0	4,5	0,85	21,5	28,31	922	36,4	8,1	4,0	34
871009	1015	161,0	4,6	0,84	21,4	27,98	926	36,1	8,1	4,1	33
871010	1105	161,0	4,6	0,83	21,5	28,31	916	36,3	8,0	3,9	33
871011	1405	161,0	4,7	0,80	21,5	28,31	908	36,1	7,8	3,7	33
871013	1745	161,0	4,7	0,75	21,4	27,98	899	35,5	7,6	3,5	32
871015	2140	161,0	4,7	0,75	21,3	27,66	905	35,3	7,6	3,6	32
871016	1600 eg	161,0	4,5	0,85	21,5	28,31	922	36,4	8,1	4,0	34
871018	1705 sp	161,0	4,8	0,80	21,2	27,34	927	35,3	7,9	4,0	33
871025	1445 sj	161,0	4,7	0,77	21,0	26,70	932	34,5	7,8	4,0	32
871030	1500 eg	161,0	4,7	0,83	21,5	28,31	916	36,3	8,0	3,9	33
871031	2045 sp	161,0	4,7	0,85	21,2	27,34	942	35,6	8,3	4,3	34
871108	1900 sj	161,0	5,6	0,70	21,0	26,70	910	34,1	7,4	3,6	31
871115	1350 jk	161,0	4,8	0,80	21,3	27,66	921	35,6	7,9	3,9	33
871116	1700 eg	161,0	4,9	0,85	21,3	27,66	936	35,9	8,2	4,2	34
871122	1520 sj	161,0	4,9	0,90	21,5	28,31	937	36,7	8,4	4,3	34
871129	1620 jk	161,0	4,7	0,85	21,4	27,98	929	36,2	8,2	4,1	34
871206	1615 sj	161,0	4,7	0,80	21,3	27,66	921	35,6	7,9	3,9	33
871213	2000 jk	161,0	4,7	0,90	21,6	28,64	930	37,0	8,4	4,2	34

Dags.	Kl	Pver- mál stúts. mm	P _o bar	P _c bar	Vatns- rennsli cm	Vermi H kg/s	Heild. rennsli Q kJ/kg	Gufa við 1 bar abs. kg/s	Gufa við 7 bar abs. kg/s	MWt	
871220	1445 sj	161,0	4,7	0,90	20,9	26,38	978	35,1	8,7	4,8	34
871227	1440 jk	161,0	4,7	0,85	21,3	27,66	936	35,9	8,2	4,2	34
880103	1535 sj	161,0	4,4	0,85	21,4	27,98	929	36,2	8,2	4,1	34
880110	1730 jk	161,0	4,8	0,85	21,0	26,70	956	35,0	8,3	4,4	33
880117	1155 sj	161,0	4,6	0,81	21,3	27,66	924	35,6	8,0	4,0	33
880121	1200 eg	161,0	4,3	0,83	21,2	27,34	936	35,5	8,1	4,2	33
880124	1317 jk	161,0	4,7	0,80	21,3	27,66	921	35,6	7,9	3,9	33
880131	1300 sj	161,0	4,7	0,82	21,1	27,02	940	35,1	8,1	4,2	33
880207	1110 jk	161,0	4,7	0,80	21,2	27,34	927	35,3	7,9	4,0	33
880214	1320 sj	161,0	4,6	0,70	21,1	27,02	903	34,4	7,4	3,5	31
880220	1710 jk	161,0	4,8	1,05	21,2	27,34	1000	36,8	9,5	5,4	37
880228	1625 sj	161,0	5,1	0,75	21,0	26,70	925	34,4	7,7	3,9	32
880306	1500 jk	161,0	4,7	0,85	21,1	27,02	949	35,3	8,3	4,4	34
880313	1335 sj	161,0	4,4	0,73	21,0	26,70	919	34,3	7,6	3,7	32
880320	1210 jk	161,0	5,0	0,90	21,2	27,34	957	35,9	8,6	4,6	34
880327	1400 sj	161,0	4,4	0,60	21,0	26,70	877	33,5	6,8	3,0	29
880403	1735 jk	161,0	4,5	0,80	21,3	27,66	921	35,6	7,9	3,9	33
880410	1615 sj	161,0	4,4	0,90	20,9	26,38	978	35,1	8,7	4,8	34
880417	1310 jk	161,0	4,6	0,75	21,2	27,34	912	35,0	7,6	3,7	32
880424	1000 sj	161,0	4,3	0,75	21,2	27,34	912	35,0	7,6	3,7	32
880501	1325 jk	161,0	4,4	0,75	21,0	26,70	925	34,4	7,7	3,9	32

hleypt út í hljóðdeyfi stuttu síðar.

5. AFL OG AFKÖST

Hola NJ-18 blés stöðugt frá 11. september 1987 til 5. maí 1988. Allan tímann blés holan um 161 mm stút. Afmælingar á holunni eru skráðar í töflu 4 og blásturssagan sýnd á mynd 6. Heildarrennsli holunnar var um 35 kg/s við um 4,5 bar holutoppþrýsting. Vermis holunnar var 900-1000 kJ/kg. Í varma gefur þessi hola um 33 MW_t við 4-5 bar holutoppþrýsting.

6. EFNÍ Í JARÐHITAVÖKVA

Á blásturstímanum voru tekin 9 sýni til efnagreininga. Tafla 5 og mynd 7 sýna útreiknaðan efnahita miðað við styrk kísils, natríum-kalí og styrk gastegunda. Jafnframt er gefinn upp hiti miðaður við mælt vermi þegar sýnin voru tekin. Efnahiti miðaður við kísil gefur 224 °C og miðað við styrk alkálmálma um 220°C, eða svipað og áætlaðan berghita á 1600-1700 m dýpi þar sem talið er að aðalvinnsluæðar holunnar séu. Útreiknaður hiti miðaður við gastegundir er heldur lægri eða 190-215°C. Hiti miðaður við vermi er um 216°C. Má því segja að útreiknaður efnahiti sé í góðu samræmi við áætlaðan berghita.

Reiknuð efnasamsetning djúpvatns er skráð í töflu 6 ásamt hlutfalli nokkurra efna. Við reikninga á djúpvatnssamsetningu er gert ráð fyrir 220°C djúphita og samsvarandi vermi. Mynd 8(a-d) sýnir breytingar á styrk nokkurra efna á blásturstímanum. Nokkrar

TAFLA 5. Efnahiti

Sýni	T _{SiO₂} A	T _{SiO₂} B	T _{NaK} C	T _{NaK} D	T _{CO₂} E	T _{H₂S} F	T _{H₂} G	T _{CO₂/H₂} H	T _{H₂O} I
87-5215	223	222	193	193	199	208	241	274	212
87-5222	228	228	224	222	190	213	222	246	214
87-5233	214	213	224	222	182	212	194	202	214
87-5244	220	220	224	222	175	214	203	221	215
87-5255	233	232	224	222	209	211	197	191	215
87-5261	256	254	223	221	194	208	200	206	214
87-5265	215	214	224	222	190	209	192	193	218
88-5024	213	213	225	223	185	210	200	210	218
88-5091	218	219	227	225	190	206	192	194	221
Meðaltal	224	224	221	219	190	210	205	215	216

- A) $t(^{\circ}\text{C}) = 1498/(5,70 - \log(\text{SiO}_2)) - 273,15$ (180-300 $^{\circ}\text{C}$). Arnórsson o.fl. (1983b). Styrkur efna í mg/kg.
- B) $t(^{\circ}\text{C}) = -42,198 + 0,28831(\text{SiO}_2) - 3,6686 \cdot 10^{(-4)} \cdot (\text{SiO}_2)^2 + 3,1665 \cdot 10^{(-7)} \cdot (\text{SiO}_2)^3 + 74,034 \cdot \log(\text{SiO}_2)$ (0-330 $^{\circ}\text{C}$). Fournier og Potter (1982). Styrkur efna í mg/kg.
- C) $t(^{\circ}\text{C}) = 1217/(\log \text{Na/K} + 1,483) - 273,15$ (100-300 $^{\circ}\text{C}$) Fournier (1979). Styrkur Na og K í mg/kg.
- D) $t(^{\circ}\text{C}) = 1319/(1,699 + \log \text{Na/K}) - 273,15$ (250-350 $^{\circ}\text{C}$). Arnórsson o.fl. (1983). Styrkur efna í mg/kg.
- E) $t(^{\circ}\text{C}) = -44,1 + 269,25Q - 76,88Q^2 + 9,52Q^3$. Þar sem $Q = \log \text{CO}_2$ (mmole/kg). Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).
- F) $t(^{\circ}\text{C}) = 173,2 + 65,04 \log \text{H}_2\text{S}$. Styrkur í mmole/kg. Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).
- G) $t(^{\circ}\text{C}) = 212,2 + 38,59 \log \text{H}_2$. Styrkur í mmole/kg. Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).
- H) $t(^{\circ}\text{C}) = 311,7 - 66,72 \log(\text{CO}_2/\text{H}_2)$. Styrkur í mmole/kg. Arnórsson og Gunnlaugsson (1985).
- I) Hiti miðaður við vermi vökvans

sveiflur eru á styrk efna á fyrsta mánuði blásturs, en síðan er samsetningin nokkuð stöðug. Aukning í styrk köfnunarefnis í þriðja sýni er ekki raunveruleg en stafar af gölluðu gassýni, þ.e. sýnið er mengað andrúmslofti. Á mynd 9(a-c) er efnasamsetning djúpvökvans borin saman við "jafnvægisferla" sem fengnir eru fram við að skoða valin sýni af jarðhitasvæðum, þar sem aðeins er ein vatnsæð og vel þekkt hitastig. Í ljós kemur að vatnið úr holu NJ-18 er mjög nærri jafnvægi fyrir flest aðalefnin. Sýru-

mólikúlin H_2CO_3 og H_2SO_4 sýna helst frávik. Út frá þessum samanburði og útreiknuðum efnahita má telja að efnajafnvægi ríki milli vatnsins og bergsins við áætlaðan berg-hita.

Gas í gufu í holu NJ-18 er að meðaltali 0,24% af þunga miðað við 7 bar-a þrýsting (tafla 7). Samsetning gassins er skráð í töflu 8. Þriðja sýnið er í raun ekki marktækt vegna mengunar við andrúmsloft. Styrkur kolsýru og brennisteinsvetnis er 80-90 % af

TAFLA 6. Efnasamsetning djúpvatns í holu NJ-18 miðað við 220°C og samsvarandi vermi (942 kJ/kg)

Dags. Nr.sýnis	87-09-16 87-5215	87-09-21 87-5222	87-09-30 87-5233	87-10-08 87-5244	87-10-16 87-5255	87-10-30 87-5261	87-11-16 87-5265	88-01-21 88-5024
SiO ₂	371.6	398.9	325.9	357.1	427.0	568.2	328.4	320.3
Na	128.4	125.6	131.3	138.0	139.1	140.2	140.6	140.1
K	9.51	13.6	14.2	14.9	15.1	15.1	15.3	15.4
Ca	0.93	0.85	0.77	0.60	0.52	0.51	0.51	0.8
Mg	1.537	0.023	0.009	0.192	0.002	0.002	0.002	0.002
SO ₄	27.2	23.1	23.12	28	18.7	23.2	36.1	23
Cl	12.5	13.5	2.57	7.9	12	11.6	1.11	3.6
F	0.56	0.79	0.86	0.8	1.1	1.04	1.04	0.99
CO ₂	239.48	201.5	186.8	157.5	280.55	218.9	212	186.6
H ₂ S	82.21	89.7	92.6	94.3	95.06	89.3	85.95	87.9
H ₂	1.68	0.56	0.1	0.16	0.11	0.14	0.09	0.14
O ₂	2.88	4.4	11.81	1.8	0	0.23	0.36	0
CH ₄	4.33	2.73	3.8	2.05	1.94	1.73	1.87	1.93
N ₂	129.3	91.2	172.82	58.9	36.3	28.4	37.4	36
Na/K	13.502	9.235	9.246	9.262	9.212	9.285	9.190	9.097
H ₂ S/SO ₄	3.022	3.883	4.005	3.368	5.083	3.849	2.381	3.822
N ₂ /H ₂ S	1.573	1.017	1.866	0.625	0.382	0.318	0.435	0.410
CO ₂ /H ₂ S	2.913	2.246	2.017	1.670	2.951	2.451	2.467	2.123
Na/Cl	10.272	9.304	51.089	17.468	11.592	12.086	126.667	38.917

gösunum í sýnum eftir fyrsta mánuð blásturs, þegar jafnvægi virðist vera komið á. Styrkur vetnis er lægri en almennt í holum á Nesjavöllum og styrkur metans og argons tiltölulega hár. Þetta er einmitt einkenni þeirra hola sem hafa lágt vermi og eru í útjaðri svæðisins.

TAFLA 7. Gas í gufu við 7 bar-a þrýsting

Sýni	Dags.	Gas í gufu, þyngdar %
87-5215	87-09-16	0,31
87-5222	87-09-21	0,26
87-5233	87-09-30	0,30
87-5244	87-10-08	0,19
87-5255	87-10-16	0,29
87-5261	87-10-30	0,22
87-5265	87-11-16	0,21
88-5024	88-01-21	0,19
88-5091	88-05-02	0,19

Útreikningar benda til að vatn í holunni sé nærri mettunarferli kalsíts við áætlaðan berghita mynd 10. Útreikningar benda og til að ópalmettun sé yfirleitt náð við 100-120°C (tafla 9). Það virðist því vera lítil hætta á kísilútfellingum þó svo holan sé keyrð við lágan holutoppþrýsting.

7. JÖFNUN ÞRÝSTINGS EFTIR BLÁSTUR

7.1 Lokun holu NJ-18

Undirbúningur að lokun holu NJ-18 hófst 4. maí 1988 með því að mæla hita- og þrýstiferla í blásandi holunni. Byrjað var á að mæla þrýstiferilinn um kl 14:15 og hitaferilinn nokkru síðar eða kl 16:26. Báðar mælingar tókust vel, en helst tafði framkvæmd þeirra mikill vindur og úrkoma þennan dag, ásamt því að útblástur úr hljóðdeyfi lá yfir holutoppinn. Þrýstingur á holutoppi var um 4,4 bar og heildarrensli úr holunni um 34,4 kg/s meðan mælingar stóðu yfir.

TAFLA 8. Samsetning gass í gufu (%) við 7 bar-a þrýsting

Sýni	CO ₂	H ₂ S	H ₂	O ₂	CH ₄	N ₂	AR
87-5215	61.59	7.95	0.36	0.62	0.93	27.91	0.64
87-5222	62.57	11.32	0.14	1.14	0.70	23.54	0.59
87-5233*	45.77	9.27	0.02	2.77	0.89	40.53	0.75
87-5244	61.53	14.93	0.06	0.66	0.75	21.48	0.60
87-5255	80.43	9.40	0.03	0.00	0.50	9.41	0.24
87-5261	79.12	11.01	0.04	0.07	0.55	8.96	0.25
87-5265	74.63	11.73	0.03	0.12	0.63	12.62	0.24
88-5024	72.79	12.84	0.05	0.00	0.72	13.41	0.19
88-5091	76.12	10.75	0.03	0.03	0.69	12.08	0.30

* Sýni mengað andrúmslofti.

TAFLA 9. Hitastig og þrýstingur óþalmettunar við hvellsuðu

Sýni	T óþal °C	P óþal bar-a
87-5215	114	1,60
87-5222	120	1,95
87-5233	103	1,13
87-5244	111	1,45
87-5255	127	2,45
87-5261	155	5,40
87-5265	103	1,13
88-5024	101	1,05
88-5091	108	1,35

Eftir að undirbúningsmælingum lauk blés holan fram á næsta dag og var henni lokað kl 15:12 þann 5. maí 1988. Rennsli fyrir lokun var 34,4 kg/s. Þrýstimælir með 3 tíma klukku var settur niður og var á 1700 m dýpi kl 15:34. Ákveðið var að það yrði viðmiðunardýpi fyrir síðari mælingar, þar sem vendlipunktur í upphitunarmælingum var ákvarðaður á rúmlega 1700 m dýpi. Rúmum tveim tímum eftir að þrýstimælirinn var settur niður var hann tekinn upp, klukka trekkt og hann settur niður aftur. Rúmum tveim tímum síðar var mælirinn tekinn upp og nú sett í hann 48 tíma klukka, áður en hann fór niður aftur. Mælirinn var svo tekinn upp um 12 tímum síðar, eða um morguninn 6. maí. Þá var ákveðið að nóg væri að taka næstu mælingar síðar um daginn og þá með hefð-

bundnu sniði, þar sem þessar fyrstu mælingar höfðu tekist vel.

Nánara yfirlit yfir mælingar af 1700 m dýpi í holunni er að finna í töflu 10 og eru þær sýndar á mynd 16. Mældir þrýsti og hitaferlar í holunni fram til 18. október 1988 eru birtir í töflum 1-13 í Viðauka og sýndir á myndum 11-15.

7.2 Holutoppsþrýstingur við lokun

Fyrir lokun blés holan við um 4,5 bar-g þrýsting á holutoppi. Við lokun þann 5. maí kl. 15:12 hækkaði þrýstingurinn strax í 5,8 bar-g og steig síðan á nokkrum mínútum í 6,8 bar-g, sem var það hæsta sem hann fór. Tæplega 10 mínútum eftir lokun holunnar

TAFLA 10. Yfirlit þrýstingsjöfnunar á 1700 m dýpi í holu NJ-18. Almennt efirlit

Dagsetning	Tími	Þrýstingur bar	Dýpi á nema m	Hiti °C	Rennsli kg/s	Athugasemdir
880505	15:12	109,76	1700,00	219,00	34,40	Holunni lokað
880505	15:34	137,42	1700,00	219,00	0,00	3h klukka
880505	15:39	138,28	1700,00	219,00	0,00	EL-68556
880505	15:44	138,93	1700,00	219,00	0,00	
880505	15:49	139,34	1700,00	219,00	0,00	
880505	15:54	139,67	1700,00	219,00	0,00	
880505	16:04	140,16	1700,00	219,00	0,00	
880505	16:14	140,48	1700,00	219,00	0,00	
880505	16:24	140,81	1700,00	219,00	0,00	
880505	16:34	140,97	1700,00	219,00	0,00	
880505	16:44	141,10	1700,00	219,00	0,00	
880505	16:54	141,22	1700,00	219,00	0,00	
880505	17:04	141,30	1700,00	219,00	0,00	
880505	17:14	141,38	1700,00	219,00	0,00	
880505	17:24	141,46	1700,00	219,00	0,00	
880505	17:34	141,46	1700,00	219,00	0,00	
880505	17:42	141,55	1700,00	219,00	0,00	3h tekin upp
880505	18:42	140,89	1700,00	219,00	0,00	Önnur 3h klukka
880505	18:47	141,30	1700,00	219,00	0,00	
880505	18:52	141,50	1700,00	219,00	0,00	
880505	18:57	141,59	1700,00	219,00	0,00	
880505	19:02	141,67	1700,00	219,00	0,00	
880505	19:07	141,71	1700,00	219,00	0,00	
880505	19:12	141,83	1700,00	219,00	0,00	
880505	19:22	141,91	1700,00	219,00	0,00	
880505	19:32	141,95	1700,00	219,00	0,00	
880505	19:42	141,99	1700,00	219,00	0,00	
